

Nýr kjarasamningar við Verkalýðsfélag Akraness, undirritaður 10. janúar 2020

Þann 10. janúar 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness nýjan kjarasamninga sem gildir frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023.

Helstu atriði samningsins eru:

Hækkun launa

1. janúar 2020 hækka laun um kr. 17.000 kr.

1. apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000 kr.

1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000 kr.

1. janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000 kr.

1. janúar 2023 tekur launatafla 5 gildi.

Þegar endurnýjaður kjarasamningur á almennum vinnumarkaði liggur fyrir á árinu 2022 skal launatafla 5 taka sömu niðurstöðu frá 1. janúar 2023 til 30. september 2023 samkvæmt samningsniðurstöðu á almennum vinnumarkaði.

Eingreiðsla 1. febrúar 2020

Uppgjörsgreiðsla fyrir tímabilið 1. ágúst 2019 til 31. desember 2019, kr. 90.000, greiðist þann 1. febrúar 2020, hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem var við störf frá 1. ágúst 2019 til 31. desember 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall. Full upphæð fyrir tímavinumenn miðast við 627 unnar stundir á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember en annars hlutfallslega.

Desemberuppbót

Persónuuppbót/desemberuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

1. desember 2019 kr. 115.850.

1. desember 2020 kr. 118.750.

1. desember 2021 kr. 121.700.

1. desember 2022 kr. 124.750.

Orlofsuppbót

Persónuuppbót/orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

1. maí 2020 kr. 50.450.

1. maí 2021 kr. 51.700.

1. maí 2022 kr. 53.000.

1. maí 2023 kr. 54.350.

Orlof

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

Félagsmannasjóður

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í félagsmannasjóð sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna skv. reglum, sem gilda fyrir sjóðinn.

Stofnframlag í félagsmannasjóðinn fyrir tímabilið 1. apríl 2019 til 31. janúar 2020 er kr. 61.000 og greiðist þann 1. febrúar 2020 til hvers starfsmanns miðað við fullt starfshlutfall. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall á áðurgreindu tímabili.

Stytting vinnuviku

Með kjarasamningi þessum eru tekin markviss skref til styttingar vinnutíma starfsmanna sveitarfélaga og þar með til aukinna lífsgæða og bætts vinnuumhverfis. Aðilar eru sammála um að þann 1. apríl 2020 styttist hver vinnudagur um 13 mínútur á dag, fyrir starfsmann í fullu starfi m.v. 40 stunda vinnuviku. Þar með lækkar vikuleg vinnuskylda starfsmanns um 65 mínútur.

Með kjarasamningi var undirritað sérákvæði milli Verkalýðsfélags Akraness og Akraneskaupstaðar þar sem ákveðið var að framkvæmd styttingar vinnuviku komi til framkvæmda eigi síðar en 1. apríl 2020.